



Maí 2019

**Erindi: Beiðni um fjárstuðning við forvarnastarf SAMAN-hópsins**

SAMAN-hópurinn er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka, stofnana og sveitarfélaga sem láta sig forvarnir og velferð barna varða. Leiðarljós í starfi hópsins eru niðurstöður rannsókna sem sýna mikilvægi og áhrifamátt foreldra í forvörnum.

Markmið SAMAN-hópsins eru:

- ♥ Að vinna gegn áhættuhegðun barna og unglinga, styðja við heilbrigðan lífsstíl og koma í veg fyrir að börn og unglingar ánetjist áfengi og öðrum vímuefnum.
- ♥ Að efla samtakamátt og samstarf þeirra sem vinna að forvörnum. Þeir sem standa að hópnum eiga það sammerkt að vinna á einhvern hátt með og fyrir börn og unglinga. Tengist sú vinna einkum forvörnum, uppeldi, menntun, meðferð og ráðgjöf.
- ♥ Að styrkja og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar.

Til að ná markmiðum sínum nýtir SAMAN-hópurinn sér meðal annars eftirfarandi leiðir:

- ♥ SAMAN-hópurinn beitir sér fyrir jákvæðum skilaboðum til foreldra um mikilvægi ábyrgðar á umönnun og uppeldi barna sinna. Þar er lögð áhersla á að foreldrar verji sem mestum tíma með börnum sínum. Því er beint til foreldra að þeir kaupi ekki eða veiti börnum áfengi og bent er á að samkvæmt lögum má hvorki selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Því er jafnframt beint til foreldra að virða reglur um útivistartíma og bent á þær hættur sem eftirlitslaus partý, útihátíðir og neysla áfengis og annarra vímuefna setur börn þeirra í.
- ♥ Skilaboðunum er komið á framfæri í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum með umræðum, greinaskrifum og auglýsingum.
- ♥ Hópurinn leggur áherslu á að starf hans skili sér til allra, hvar sem þeir búa á Íslandi.
- ♥ Í starfi sínu leggur SAMAN-hópurinn m.a. áherslu á að nýta sér rannsóknir á högum barna og unglinga til að móta verkefni og innihald skilaboða til foreldra.
- ♥ Hópurinn er þrýstiafl um samfélagsleg málefni er varða hagsmuni og velferð barna og unglinga.

Hópurinn fjármagnar verkefni sín eingöngu með styrkjum frá ýmsum aðilum og þ.á m. sveitarfélögum. Rétt er að taka fram að allir styrkir til hópsins fara óskiptir til framleiðslu og birtingar á auglýsingum og fræðsluefni. Allt utanumhald og vinna í kringum hópinn er unnin af þeim sem þar eiga sæti, án launa frá SAMAN-hópnum. Framkvæmdaáætlun hópsins fyrir árið 2019 hljóðar uppá 4.500.000 kr.

Allt kynningarefni sem SAMAN-hópurinn hefur látið útbúa, eins og veggspjöld, póstkort og annað auglýsingaefni, er ætlað fyrir landið allt og er sveitarfélögum heimilt að nota það enn frekar í forvarnastarfi án endurgjalds. Kynningarefnið og nánari upplýsingar um SAMAN-hópinn eru á heimasíðu hans [www.samanhopurinn.is](http://www.samanhopurinn.is).

SAMAN-hópurinn vonar að sveitarfélagið ykkar sjái sér fært að styrkja forvarnastarf hópsins.

Öll framlög eru vel þegin.

Hægt er að leggja beint inn á reikning SAMAN-hópsins kt. 630801-2570. Á reikning 0334-13-202649. F.h. SAMAN-hópsins,

Edda R. Davíðsdóttir, [edda@mos.is](mailto:edda@mos.is), gjaldkeri hópsins

Tómstunda og forvarnarfulltrúi Mosfellsbæjar